



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Aðalfundur SSH 2013

Fundargerð

37. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

37. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) var haldinn föstudaginn 25. október 2013 í Björtuloftum, Hörpu og hófst fundurinn kl. 13.00.

Á síðasta aðalfundi var samþykkt einróma að stefna að pappírslausum aðalfundi árið 2013 og eru fundargögn því alfarið á rafrænu formi.

Fundarsetning og kosning embættismanna fundarins

Gunnar Einarsson, formaður stjórnar SSH, setur fund og stýrir kjöri fundarstjóra og fundarritara.

Fundarstjóri er kjörin Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík.

Fundarritari er kjörin Kristín Vilhjálmsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Fundarstjóri fer yfir dagskrána framundan, þar sem m.a. verður bæði horft um öxl og til framtíðar. Hún kynnir síðan góðan gest, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra.

Ávarp innanríkisráðherra

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra ávarpar fundinn. Hún fer lauslega yfir helstu verkefni á komandi þingi sem snýr að sveitarfélögum og talar um hve mikilvægt það sé að vinna saman. Hún þekkir vel til sveitarstjórnarmála sem fyrrverandi borgarfulltrúi og borgarstjóri og segir m.a. mikilvægt að minna ríkisvaldið á hvernig sveitarfélögin stóðu sig í gegnum erfiða tíma. Hún talar um allt annan veruleika hjá ríkinu er kemur að fjárlögum, hjá sveitarfélögum verður að láta enda ná saman en því sé aðeins öðruvísi farið hjá ríkinu.

Hún kemur inn á að rætt hafi verið um að lágmarksútsvar verði afnumið á kjörtímabilinu, að talan er lýtur að lágmarksútsvari verði tekin út. Stjórn SSH hefur óskað eftir að þetta verði látið bíða og verður þetta því ekki flutt á þessu þingi.

Hanna Birna ræðir um mikilvægi þess að halda sjó í samgöngumálum. Hún hvetur sveitarstjórnarmenn til að skoða hvort hægt sé að fara í stórfraðkvæmdir, t.d. Sundabraut, jafnvel með einkaaðilum, og skoða leiðir í því. Velta upp möguleikum og hugmyndum varðandi fjármögnun og kostnað.

Hanna Birna upplýsir að á eftir verði undirritað tímamótasamkomulag milli ríkisvalds, borgar og Ícelandair varðandi flugvöllinn í Vatnsmýri.

Hún ræðir jafnframt aukna samvinnu sveitarfélaganna og segir Sorpu, Strætó og SHS sinna öflugri og góðri þjónustu vegna þessarar góðu samvinnu.

Hanna Birna óskar í lokin eftir góðri og kröftugri samvinnu eftir sem áður og segir opið og lýðræðislegt samtal við almenning mikilvægt. Hið opinbera í sátt og samvinnu við almenning leiði til betri samskipta.

Fundarstjóri þakkar innanríkisráðherra og býður fundinum að beina spurningum til hennar.

Hafsteinn Pálsson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, spyr um sjúkraflutninga í víðu samhengi og spyr um lausnir í því efni.

Hanna Birna segir sjúkraflutninga hafa verið ásteytingarstein SHS og ráðuneytis til langs tíma. Hún telur að ríkið þurfi að taka ákveðin skref í þessu og setja inn fjármagn – ellegar fari þetta aftur til ríkisins en ríkið sé ekki að átta sig á hve hagkvæmt núverandi fyrirkomulag er. Staðan er sú að SHS hefur samið við heilbrigðisráðuneytið en málið situr nú fast í fjármálaráðuneytinu.

Guðrún Ágústa, bæjarstjóri í Hafnarfirði, lýsir yfir að sveitarstjórnarfulltrúar finni að Hanna Birna komi úr sveitarstjórn og hafi þannig góða innsýn í þeirra mál.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, þakkar góð orð um flugvallarsamkomulagið. Hann segir þetta vera byggðaaætlunarverkefni og fullt af verkefnum sem liggja fyrir. Skýr áhersla að þessu verði að halda áfram og mikilvægt að taka það besta úr þessu og nýta það. Stefnt að því að klára fyrir nóvemberlok hvernig þessu verður skipað.

Fundarstjóri þakkar Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra fyrir heimsóknina og kynnir næsta lið á dagskrá sem eru aðalfundarstörf.

Almenn aðalfundarstörf

a) Skýrsla stjórnar – Gunnar Einarsson formaður

SSH hélt 12 stjórnarfundum á árinu, aðildarfélögum fækkaði um eitt og við það tók Gunnar Einarsson við af Snorra Finnlaugssyni sem formaður SSH. Gunnar segir skrifstofu SSH vera að eflast og að svæðisskipulag og sóknaráætlun séu þar stór verkefni. Hrafnkell Proppé hefur verið ráðinn tímabundið vegna þess. Huga þurfi að vatnsverndarmálum höfuðborgarsvæðisins m.t.t. náttúruverndar og snjóframleiðslu. Jafnframt þurfi að endurskoða eigendastefnu byggðasamlaganna en skerpa þarf á því hvaða völd SSH hefur til móts við einstakar sveitarstjórnir og til þess er eigendastefnan.

Gunnar fer aðeins yfir stöðu fjármála samtakanna og ræðir verkefni sem hafa verið í gangi en margt í þessum verkefnum er mjög áhugavert að vinna áfram.

Gunnar sagði að lokum að SSH væri að eflast og samkennd á höfuðborgarsvæðinu væri að verða sterkari. Hann sagði mikilvægt að hugsa upp á nýtt, ekki með múrum – heldur hugsa um hvernig getum við orðið sterkari og með því skapaðist meiri dýnamík.

b) Ársreikningur 2012 og fjárhagsáætlun 2014 – Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri

Páll Guðjónsson kynnir ársreikning 2012 og fjárhagsáætlun 2014. Hann segir breytingar hjá SSH varla orðnar sýnilegar í ársreikningi 2012 en muni sjást verulega í reikningi 2013.

Aðalfjármagnstekjur SSH koma með framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og frá sveitarfélögum. SSH átti góðan sjóð frá því fyrir hrun og sem hefur verið unnt að nýta. Fjárhagurinn er styrkur í dag og með sama áframhaldi mun ganga vel. Fram kemur að SSH á hlut í Hvalfjarðargöngunum.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 leiðir í ljós að ráðgerðar eru svipaðar tekjur enda mikilvægt að halda jöfnuði í rekstrinum. Farið aðeins yfir söguna varðandi þróun tekna SSH 2001-2014. Árið 2003 voru samtökin komin út úr fjárhagsvanda og var siglt nokkuð lygnan sjó í góðærinu. Nú er vöxtur, fjör og kraftur í starfinu og útgjöld ekki á uppleið.

Fundarstjóri býður til umræðna um þessa tvo liði saman á eftir en gefur orðið laust til fundargesta.

Rannveig Ásgeirsdóttir, formaður bæjarráðs Kópavogs, varpar fram spurningu um Álfnesið en ákveðið hefur verið að urðunarstaður þar verði lagður niður á næstu árum. Hún segir að um sé að ræða framtíðarskipulag varðandi urðun sorps og að skipa eigi hóp til að skoða framhaldið. Hún hefði talið betra að skipa hópinn fyrst og skoða síðan hvort leggja ætti niður Álfnesið og finna nýjan urðunarstað. Gerir athugasemd við þetta ákvæði.

Gunnar Einarsson verður fyrir svörum og segir að lagst hafi verið í mikla vinnu við skoðun þessara mála og farið í viðræður við marga aðila. Krafa Mosfellsbæjar er mjög sterk í þessu efni enda miklir hagsmunir í húfi þeirra megin. Hinn eiginlegi ásetningur lokunar urðunarstaðarins er að honum verði lokað innan 4-6 ára en með fyrirvara um að ef það reynist ómögulegt verði málið tekið upp aftur. Það sama gildir varðandi lokun Gýmis og byggingu gasgerðarstöðvar upp á 2 makr. Bæjarráð Garðabæjar hefur samþykkt þetta en með fyrirvara og áskilur sér rétt til að endurskoða, t.d. ef kostnaður við byggingu gasgerðarstöðvar verður áætlaður hærri. Gunnar taldi fullan skilning fyrir hendi hvað þetta varðar. Mosfellsbær hefur búið við neikvæð umhverfisáhrif vegna Álfnessins í langan tíma og aðgerðir því tímabærar.

Engar athugasemdir gerðar við framlagða reikninga.

c) Tillaga um árgjald 2014 – liggur frammi til samþykktar

Óbreytt árgjald samþykkt samhljóða.

d) Kosning endurskoðenda – tillaga

Lagt til að endurskoðendur verði sömu og áður, þ.e. Björk Vilhelmsdóttir í Reykjavík og Páll Hilmarsson í Garðabæ, og er það samþykkt samhljóða.

Tillaga lögð fram til samþykktar um að löggiltur endurskoðandi verði áfram Eyvindur Albertsson hjá KPMG og er það samþykkt samhljóða.

Horft um öxl – yfirferð yfir starfsemi framtíðarhóps 2010-2013

Fundarstjóri býður velkominn í pontu Dag B. Eggertsson, formann framtíðarhóps SSH, sem ætlar að horfa um öxl og segja frá starfsemi framtíðarhópsins.

Dagur segir þetta hafa verið mjög skemmtilegt starf en í hópnum hafa auk Dags setið bæjarstjórar sveitarfélaganna. Í byrjun var lagt upp með að setja vinnuna af stað og velta við öllum steinum, hvar væri hægt að vinna betur saman og í sameiningu. Dagur fer yfir þau verkefni sem hópurinn hefur unnið að en starfsfólk sveitarfélaganna hefur jafnframt aðstoðað við þessa vinnu. Ný eigendastefna hefur litið dagsins ljós. Hann ræðir stjórn byggðasamlaganna og hlutverk þeirra og samspil við fjárhagsáætlun sveitarfélaganna sjálfra. Dagur segir að búið sé að samþykkja eigendastefnu fyrir Sorpu bs. en að enn vanti slíka stefnu fyrir SHS sem sé brýnt verkefni í upphafi næsta kjörtímabils.

Dagur segir frá því að Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., hafi á borgarráðsfundi í morgun greint frá gríðarlegri aukningu á notkun strætó. Samningurinn geri ráð fyrir endurskoðun á 2ja ára fresti og þá verði nauðsynlegt að draga fram þessar upplýsingar á faglegan hátt og byggja á þessum árangri.

Ræðir mikilvægi skipulagsáætlunar sem skipulagsstjórar á höfuðborgarsvæðinu hafa unnið í sameiningu.

Hann ræðir jafnframt skíðasvæðin en tillaga að nýjum samningi um rekstur þeirra er fyrirbyggjandi. Hann þakkar sérstaklega borgarstjóra, en um leið og hann hótadi að loka skíðasvæðunum þá byrjaði að snjóá.

Dagur fagnar samkomulagi um byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar en með því er höfuðborgarsvæðið að uppfylla skyldur um meðhöndlun úrgangs sem er gríðarlega mikilvægt.

Vatnsvernd er ekki eins vel á veg komin og ýmsar vangaveltur í því efni. Deilt er um hvað vatnstakan eigi að vera mikil og hver geti selt mest á tankskip. Dagur telur brýnt að trappa aðeins niður metnaðinn. Nóg vatn til handa öllum en mestu skiptir að standa vörð um vatnið til langs tíma.

Dagur ræðir sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins en þar eru átta verkefni sem fara að koma áfangaskil í og kemur inn á markaðssetningu, ímyndarmál og skólamálin en mjög spennandi niðurstöður eru úr því verkefni.

Dagur lýkur orðum sínum með því að segja að framtíðarhópurinn muni vonandi fljótlega heyra fortíðinni til.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og sóknaráætlun 2013

a) Vinna við gerð svæðisskipulagsins – staða og verkefni framundan Hrafnkell Proppé, svæðisskipulagsstjóri

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðis hefur verið í gildi í að verða 11 ár, hefðbundið landnotkunarskipulag. Verkis yfirfór vankanta á skipulaginu 2010 þar sem byggðaþróun hafði orðið önnur en stefnt var að og skipulagsgrunnur ekki þjónað eins og hann hefði átt að gera. Eftirfylgni varð ekki, en unnt var að draga lærdóm af þessu enda skipulag gott tæki til að leiðbeina okkur inn í framtíðina.

Vinnuheiti verkefnisins er Höfuðborgarsvæðið 2040. Fagteymi er innan handar við vinnuna, auk starfsmanna sveitarfélaga, Strætó bs., Skipulagsstofnunar o.fl.

Hvaða áskoranir stöndum við frammi fyrir og hvaða tækifæri felast í þeim.

Fólksfjöldi er fyrirsjáanlegur, með aukningu um 70 þús. manns fram að 2040 í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Þetta hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á umferð þar sem gert er ráð fyrir um 50 þúsund bílum til viðbótar.

Friðland, vatnsverndarsvæði og útivistarsvæði setja okkur mörk, 100 m hæð yfir sjávarmáli, Græni trefillinn og svæði á náttúruminjaskrá. Þannig er ekki mikið land til umráða fyrir þessa 70 þúsund íbúa til viðbótar og fyrirsjáanlegt að allt gott byggingarland á höfuðborgarsvæðinu verði uppurið innan stutts tíma.

Jafnframt þarf að taka tillit til ferðamannafjölda.

Hvernig getum við búið til svæði fyrir allt þetta fólk þar sem öllum líður vel?

Horfa þarf til aldurssamsetningar íbúa varðandi íbúðapörf en ljóst er að þörf fyrir minni íbúðir mun vaxa. Jafnframt þarf að hugsa um loftgæði, sorpmál o.s.frv. en fram kom að Reykjavíkurborg kom lakast út í samkeppnishæfni höfuðborga á Norðurlöndum varðandi þau mál og samkeppnishæfni okkar í dag því ekki sérlega góð.

Tímarammi verkefnisins er fremur þröngur og er vonast til að nýtt svæðisskipulag verði tilbúið til kynningar í vor.

Fyrirliggjandi eru þrjár sviðsmyndir;

- A. Sama braut og verið hefur – samgöngur með sama hætti og verið hefur
- B. Vöxtur inn á við
- C. Fara heldur skemur

b) Framtíð samgangna á höfuðborgarsvæðinu

Þorsteinn Hermannsson, umferðarverkfræðingur, Mannvit

Þorsteinn kynnir frumniðurstöður ásamt Vilhjálm Hilmarssyni og Lilju. Niðurstöðurnar eru beint innlegg í svæðisskipulagsvinnu og verða nýttar þar. Verið er að horfa langt til framtíðar enda vönduð stefna í samgöngum gríðarlega mikilvæg til framtíðar litið.

Í skipulagsáætlun 2001-2024 var umferð einkabíla talin aukast mjög. Minnst var þar á almenningssamgöngur og göngu- og hjólastíga en ekki lögð áhersla á það.

Þorsteinn fór yfir forsendur núverandi sóknaráætlunar og sviðsmyndagreiningar. Hann segir vilja til þess hjá almenningi í dag að minnka einkabílanotkun og auka almenningssamgöngur um tvöfalt jafnvel.

Fjöldi ferða með almenningssamgöngum kemur til með að aukast og við þurfum því e.t.v. að endurskoða leiðir í samgöngum. Í dag er reyndin sú að vagna vantar jafnvel á álagstímum. Verið er að skoða léttlestakerfi eða „bus rapid transit“ hraðvagna.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins verða 275.000 árið 2040 ef spár ganga eftir. Í borgum af þeirri stærðargráðu eru þessir ferðamátar til staðar. Í Trondheim í Noregi er nýlokið hönnun á hraðvagnakerfi sem gert er ráð fyrir að verði tekið í gagnið 2018. Það er töluvert stórt skref að taka upp slíkt kerfi, hraðvagnar á sérstökum akreinum, vandaðar biðstöðvar o.fl. Lilja er sérfræðingur hópsins á erlendum vettvangi hvað þetta varðar. Hún segir að þetta taki mörg ár í undirbúningi og sé ca. 7-10 ára process. Þarf að fara að huga að þessu ef fara á í þessar framkvæmdir.

Kostnaður sviðsmynda A, B og C á verðlagi 2013:

- A. Horft til 130 mkr. Koma þurfi til stórbættar almenningssamgöngur og vegaframkvæmdir.

Töluvert önnur mynd blasir við í B og C:

- B. 35 mkr. í stofnbrautir og ýmsa aðra pósta.
Léttlestir og hraðvagnar 70-95 mkr.
- C. 46-81 mkr til 2040.

Rekstrarkostnaður almenningssamgangna er 4 mkr í dag og yrði 4-6 mkr miðað við 40% hlutdeild farþega í kostnaði. Strætó myndi ganga samhliða, þetta væri einungis styrking við kerfið.

Ef litið er til umferðarspár til 2040 er gert ráð fyrir að umferð muni aukast og tafir í umferð aukist samhliða fólksfjöldaaukningu. Það er erfitt verkefni að byggja upp umferðarkerfi til að bregðast við fólksfjölgun og t.d. tókst það ekki í 85 borgum USA.

Sviðsmynd C er talin besta leiðin fyrir þá sem nota einkabíl.

Farið yfir kostnaðar- og ábatagreiningu sviðsmyndanna og fimm helstu kostnaðarliði. Helstu niðurstöður eru þær að sviðsmynd B sýnir 175 mkr sparnað ef borið saman við sviðsmynd A á árabílinu 2015-2040. Jafnframt væri 330-360 mkr ábati við að fara leið C í stað leiðar A.

Það er verkefni sveitarstjórna að ákveða í hvaða átt á að fara af þessum þremur leiðum.

Fundarstjóri býður fundargestum nú að standa upp og gera hléæfingar ☺

Hrafnkell Proppé tekur aftur til máls og ræðir sóknaráætlun og svæðisskipulag. Hann segir líka verið að horfa á aðra þætti, sjálfbærni o.þ.h., og þá út frá lýðheilsu. Breytingar í umhverfi hafa áhrif á heilsu og vellíðan. Horft til mælikvarða og viðmiða. Hvers konar svæðisskipulag verðum við með? Skýr lína er um mörk byggðar og þjónustustig almenningssamgangna. Mikilvægt að leggja fram strategíska áætlun sem vísi veginn fram til ársins 2040 og hvað skiptir okkur sameiginlega máli, þó með sérstöðu hvers og eins sveitarfélags. Ef okkur tekst að komast í mark er nauðsynlegt hafa tæki til að fylgja þessu eftir, gagnagrunna sem byggja má á og „best practice“ leiðbeiningar, en mikið er til af upplýsingum sem þarf að safna saman og gera aðgengilegar. Verkefnið snýst um að komast leiðar sinnar árið 2040 ☺ og því ljóst að mikilvægar ákvarðanir eru framundan.

Fundarstjóri þakkar fyrir og segir skipta máli að við séum samstíga í ákvörðunum. Hún segir þetta jafnframt tengjast þeirri umræðu sem Gunnar Einarsson verður með hér á eftir. Fyrirspurnir og umræður munu fara fram eftir kaffihlé – og svo almennar umræður um hvert SSH er að fara.

„Horft fram á veginn“ – Gunnar Einarsson

Umræður um samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu héðan í frá, hvaða árangri skilaði starfið á liðnu kjörtímabili – hvað getum við lært af reynslunni og hverju fáum við áorkað með áframhaldandi þroskun á samstarfinu á vettvangi SSH?

Gunnar segir ljóst að gott samstarf sé milli embættismanna sveitarfélaga en vill sjá meira samtal milli pólitíkusa. Hann horfir til ferðar Reykjavíkurborgar til Akureyrarbæjar og væntir mikils af þeirri samvinnu sem er að hefjast þar. Hann segir slíkt samstarf á pólitískum vettvangi af hinu góða og að við ynnum betur saman ef pólitíkin væri meira í þessu. Hann segir góða tilfinningu að tilheyra heild en um leið nauðsynlegt að átta sig á sérstöðu sinni. Horft er til ákveðinnar forystu hjá Reykjavíkurborg, enda ætíð þótt eftirsóknarvert að flytja á mölina þar sem ákveðin dynamik og styrkur er til staðar. Gunnar segir nauðsynlegt að nýta betur tækifærin þannig að við verðum samkeppnishæf.

Fundarstjóri tekur undir orð formanns og segir nauðsynlegt að gæta þess að höfuðborgarsvæðið endi ekki eins og gömlu þorpin eftir 30 ár, við þurfum að bjóða nýjar lausnir og horfa til nýrrar og spennandi framtíðar.

Umræður

Nú hefjast umræður og boðið að beina spurningum til hópsins sem kynnti svæðisskipulagsvinnuna; Hrafnkels, Þorsteins, Lilju og Vilhjálms. Fundarstjóri segir að teknar verði niður spurningar og svarað á eftir.

Una María Óskarsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi, biður um orðið. Hún leggur til við SSH og SÍS að móta stefnu sveitarfélaga um bættu lýðheilsu. Lýðheilsa er mikilvægt mál sem snertir öll málefni samfélagsins og stefnan þyrfti að ná til allra sveitarfélaga og ekki síst starfsmanna þeirra.

Hafsteinn Pálsson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, segir frá samstarfi þeirra við Landlæknisembættið og segir þá vel á veg komna í lýðheilsuárum.

Margrét Gauja Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, spyr hvers vegna svo langur tími líði frá því ákvörðun er tekin varðandi léttlestir þangað til þær komast í gagnið.

Pétur Ólafsson bæjarfulltrúi í Kópavogi og Gunnar bæjarstjóri í Garðabæ ræða um samtal kjörinna fulltrúa og mismuninn á að vera kjörinn fulltrúi í fullu starfi eða hlutastarfi. Pétur óskar eftir beinskeyttari umræðu um sameiginleg málefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og betri kortlagningu á þeim svæðum sem geta verið sameiginleg, t.d. hvað varðar grunnskóla, en það myndi spara umtalsvert.

Margrét Björnsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi, þakkar góða yfirferð yfir svæðisskipulag og sóknaráætlun. Saknar umræðu um gangandi og hjólandi í yfirferðinni sem skiptir máli ef minnka á umferð einkabílsins í framtíðinni. Hún segir brýnt að farið verði sem fyrst í að samræma gangandi og hjólandi brautir heildstætt á öllu höfuðborgarsvæðinu m.t.t. merkinga o.s.frv. Brýnt að drífa í þeirri vinnu.

Ólafur Þór Gunnarsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, þakkar fyrir skemmtilegan fyrirlestur varðandi svæðisskipulagsvinnuna. Hann veltir upp spurningu um framkvæmd og telur sveitarfélögin of mörg til að þetta gangi vel fyrir sig, væri betra með 2 eða 3 einingum. Myndum vinna betur saman ef við sameinuðumst meira.

Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík, tekur til máls. Hann segir tímamótasamkomulag varðandi flugvöll hafa verið undirritað áðan og þakkar fyrir hið góða og ánægjulega samstarf á vettvangi SSH þar sem miklu hefur verið áorkað. Til umræðu er samvinna og sameining sem Jón kveðst hafa talað mjög fyrir. Hann horfir til þess að höfuðborgarsvæðið sé eitt samfélag og segir þetta vera umræðu sem á að taka og mál til að skoða. Samgöngumál sé stærsta málið á höfuðborgarsvæðinu; samgöngumáttar tengjast öllu. Samgöngur og lýðheilsa er jafnframt samofið, miklu betra að ganga eða hjóla en keyra í bíl. Hann segir 30 mín. göngu á dag lengja líf manns um mörg ár. Einnig segir hann samband á milli samgangna og félagslífs. Hann líkir einkabílnum við spariskó, á meðan strætó eru léttir gönguskór. Meira fé milli handanna hjá fólki ef notaðar eru almenningssamgöngur. Sum heimili hafa ekki efni á að reka einkabíl og þurfa alveg að stóla á aðra ferðamáta. Þessu þarf að mæta á einhvern hátt. Láglaunaúthverfi gætu jafnvel myndast, þar sem engin þjónusta er til staðar og litlir samgöngumöguleikar sem veldur einangrun með alls konar félagslegum afleiðingum. Jón ræðir hlutverk höfuðborgarinnar og skyldur hennar. Sem höfuðborg tekur Reykjavík að sér ýmis verkefni sem e.t.v. eru í raun ekki einkamál Reykjavíkur en færast gjarnan þangað, s.s. velferðarmál og málefni utangarðsfólks. Hann segir að leita þurfi eftir skýrara samstarfi við ríkið um skilgreiningu á höfuðborgarhlutverkinu og að því fylgdi þá eitthvert fjármagn. Jón veltir að lokum upp hugmynd um neðanjarðarlestakerfi og spyr hvort það hafi komið upp á borð hjá svæðisskipulagshópnum.

Bryndís Haraldsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, biður um orðið. Hún situr í svæðisskipulagsnefnd og hvetur til að auka samtal um færar leiðir í þessu efni. Mikilvægt að mjög breið sátt náist um grunninn að vinnunni svo ekki komi upp hnökrar. Hún telur að þetta ætti að geta náð fram að ganga. E.t.v. yrði það auðveldara ef sveitarfélögin yrðu færri en hún kveðst ekki talsmaður slíkra hugmynda, heldur nauðsynlegt að tala meira saman.

Eva Einarisdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, tekur undir með Unu Maríu um mikilvægi lýðheilsu. Hún segir nauðsynlegt að sveitarfélög ræði meira um íþróttamál sín á milli. Alls staðar er t.d. verið að biðja um ný íþróttamannvirki og kalla þurfi til funda um íþróttaaðstöðu og meira samtals varðandi það.

Margrét Júlía Rafnsdóttir, borgarfulltrúi í Kópavogi, segir nauðsynlegt að efla lýðheilsu og að vinna í sameiningu að málefnum skóla og íþrotta og umhverfis- og skipulagsmálum. Hún ræðir jafnframt þá stefnumótun að taka lágmark af útsvarinu og kveðst ekki sammála innanríkisráðherra í því efni. Hún veltir upp hvernig sveitarfélög muni bregðast við þessu; afnema eða hafa útsvar mjög lágt; hafa einhvers konar sjóði til að koma til móts við að sums staðar eru tekjulægri einstaklingar. Hún telur mikilvægt að hugsa þetta til enda. Gunnar Einarsson mun svara þessu.

Páll Hilmarsson, bæjarfulltrúi í Garðabæ, situr í stjórn Sorpu. Hann segir nauðsynlegt að taka urðunarstað inn í umræðuna og að við mættum horfa til stærra svæðis í þessu samhengi. Hann segir eflingu sveitarstjórnarstigsins hafa verið mikið rædda í fyrra og nauðsynlegt að efla umræðuna með aðkomu fulltrúanna.

Fundarstjóri tekur saman í stuttu máli þá punkta sem komið hafa fram. Hún kveður mikilvægt að velferðarnefndir á höfuðborgarsvæðinu hittist.

Hrafnkell Proppé svarar þeim spurningum sem lúta að svæðisskipulagsvinnunni. Hann segir uppbyggingu heildstætt undir, atvinnu, uppbyggingu, vöxt og allt annað. Hann segir sérstaklega horft til gangandi og hjólandi umferðar í ferðamynsturshlutfallinu, enda stuðlar það að bættri lýðheilsu. M.a.s. sé líka horft til landbúnaðar.

Varðandi hvort betra sé að hafa færri sveitarfélög í þessari ákvörðunartöku nefnir hann að á flestum stöðum séu fleiri en eitt sveitarfélag saman um slíkar ákvarðanir. Í Vancouver t.d. stóðu 20 félög að slíkum framkvæmdum.

Gunnar Einarsson svaraði til um sorpmálin. Skipaður var faghópur um sorpmál. Samkomulag var undirritað á síðasta ári og nú er byrjað að skilgreina og sjá snertifleti í víðu samhengi.

Þorsteinn og Lilja koma inn á staðsetningu atvinnuhúsnaðis en þau segja blöndun byggðar mikilvæga og þéttingu hennar þannig að unnt sé að ferðast með almenningssamgöngum til og frá vinnu.

Varðandi tímalengd segja þau samþykkingarfasa sveitarfélaga mjög teygjanlegan. T.d. er léttlestakerfi að opna í Kaupmannahöfn en byrjað var að skoða með hana árið 1999. Þau segja mikilvægt að hugsa þetta til langs tíma en ekki eitthvað sem næst innan eins kjörtímabils.

Hvað varðar gangandi og hjólandi umferð segja þau Þorsteinn og Lilja að með þéttingu og blöndun byggðar aukist tækifæri til að nýta eigin orku. Skoða þurfi allt í samhengi; stofnstígakerfi

höfuðborgarsvæðisins, samræmingu, „best practice“ leiðbeiningar fyrir höfuðborgarsvæðið og hvernig eigi að útfæra.

Hvað varðar spurningu Jóns borgarstjóra um neðanjarðarlestarkefni þá hefur það alfarið verið slegið út af borðinu. Gríðarlegur kostnaður er í að grafa kerfið niður, margfaldað með x2-3. Mannfjöldinn býður ekki upp á þetta eins og staðan er.

Til eru margar hvataleiðir til að efla almenningssamgöngur og með bættri borg verður meiri áhugi til fjárfestinga.

Þar með lýkur fyrirspurnum og umræðum.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, þakkar afburðasamstarf á þeim fimm árum sem liðin eru frá því að hann byrjaði. Samstarfið hefur sannarlega aukist og þroskast á þessum tíma, skrifstofan vaxið og dafnað og sífellt fleiri viðfangsefni. Þann 6. október 2008 urðu tímamót og við þurftum á styrk að halda til að halda áfram. Hann kveðst hafa tvennt að leiðarljósi; annars vegar að nálgast mál með aðferð vatnsins, en vatnið finnur sér farveg eftir minnstu smugu, og hins vegar; að vinna samkvæmt mottó: Á meðan SSH er góður staður til að vera á, þá á hann von á því að við höldum áfram.

Gunnar Einarsson, formaður stjórnar SSH, fær síðan orðið. Hann tekur undir með Unu Maríu varðandi lýðheilsumálin. Hvað varðar samtal pólitíkusa þá er það svo að sumir eru í fullri vinnu og aðrir ekki en það ætti ekki að breyta neinu, t.d. er hægt að tala saman í síma. Hann segir sóknaráætlun sem slíka vera samvinnuverkefni.

Hvað varðar sameiningarmál þurfi e.t.v. að taka þá umræðu og þá m.t.t. samstarfs milli sveitarfélaga. SSH ætti að efna til málþings um sameiningu sveitarfélaga, þar sem horft yrði til kostnaðar og nálægðar. Þar yrði velt upp hversu skynsamlegt sé að búa til stærri sveitarfélög. Nauðsynlegt sé að styrkja innanfrá og auka lífsgæðin. Gunnar lýsir sig ekki endilega fylgjandi því að stofna tvö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Varðandi spurninguna um lágmarksútsvar varði það sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga.

Gunnar Einarsson, formaður stjórnar SSH, þakkar að lokum kærlega fyrir góðan fyrirlestur um samgöngumál til framtíðar og Reykjavíkurborg er þökkuð gestrisnin þetta árið.

Undirritun eigendasamkomulags Sorpu bs. vegna framtíðarsýnar um leiðir og lausnir til meðhöndlunar og förgunar úrgangs fer fram að fundi loknum.

Fundi slitið kl. 16:35.